



Flugslysaæfing Húsavíkurflugvöllur 30. sept. 2023 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn Norðurlandi eystra
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Frá æfingastjórn	2
2	Markmið	3
3	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
3.1	Dagskrá Húsavík 2023.....	4
3.2	Æfingastjórn	6
3.3	Ráðgjafar	6
3.4	Þátttaka	6
3.5	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	7
3.6	Veður	7
3.7	Vettvangur	7
4	Rýni.....	8
4.1	Vettvangsæfing – Rýnifundur	8
4.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	11
4.3	Rafræn rýni – allir þátttakendur	14
4.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	14
4.3.2	Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar?.....	14
4.3.3	Hvað hefði betur mátt fara í undirbúningi æfingarinnar?	14
4.3.4	Hvað gekk vel á æfingunni?.....	15
4.3.5	Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?.....	16
4.3.6	Annað sem þú villt koma á framfæri?	17
5	Helstu lærdómsatriði og umbótataækifæri.....	18
5.1	Styrkur	18
5.2	Helstu umbótataækifæri	Error! Bookmark not defined.

1 Frá æfingastjórn

Tilgangur flugslysæfinga er að tryggja virkni þeirrar áætlunar sem til staðar er á viðkomandi flugvelli, æfa samvinnu ólíkra aðila, búa til álag á viðbragðskerfið, æfa stjórnstigin vettvangsstjórn, aðgerðastjórn og Samhæfingarstöð og almennt að gefa viðbragðsaðilum tækifæri til að auka við færni sína þegar kemur að hópslysaviðbúnaði.

Viðbragðskerfið í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra er vel reynt, viðbragðsaðilar þekkjast vel eftir samvinnu í aðgerðum innan umdæmisins, viðbragðsaðilar eru öflugir og almennt vel tækjum búnir.

Æfingin gekk vel í alla staði, auðvitað eru alltaf þættir sem betur mega fara og mikilvægt er að komi upp á æfingu en ekki í raunverulegum atburði, þess vegna er mikilvægt að draga fram þessa þætti í rýni og er það gert aftast í skýrslu þessari, það er einnig mikilvægt að taka þennan lærdóm og vinna með hann svo æfingin verði til þess að núverandi kerfi verði betra. Við hvetjum því eindregið til þess að aðilar taki „frávik“ og vinni að úrbótum.

Dagskrá æfingarinnar var með hefðbundnum hætti, mæting var þökkaleg en ekki góð hjá sjálfboðaliðum og erfiðlega gekk að fá leikara. Það er reynsla okkar að æfingar þessar hafa jákvæð áhrif á viðbúnaðargetu samfélagsins og þetta eru einu skipulögðu hópslysæfingarnar á landinu, mikið er lagt í að gera æfingarnar vel úr garði og því nokkur vonbrigði þegar mæting viðbragðsaðila er lítil. Það dregur þó ekki úr því að æfingin var góð og skilaði vonandi sínu til þeirra sem mættu á æfinguna og þökkum við vel fyrir.

Æfingastjórn hefur reglulega tekið upp mikilvægi þess og þá í ljósi reynslunnar að einingar tryggi að fyrir sínum einingum fari einhvers konar hópstjóri, heitið er mismunandi milli aðila en stjórnendur eininga séu stjórnstig sem sé mannað, slíkt auðveldar útvíkkun stjórnkerfisins og tryggir betur úrlausn verkefna á vettvangi. Það var því ánægjulegt að sjá að viðbragðsaðilar og þá sérstaklega slökkvilið Norðurbings og Þingeyjarsveitar voru með virka stjórnendur sem studdu vel við björgunarstjóra og tóku þátt í stjórnun á slysstað (SLY).

Fyrir hönd æfingastjórnar og ráðgjafa

Friðfinnur Fr. Guðmundsson.

2 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar á flugvöllum og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi. Æfingarnar eru því á vegum Isavia og almannavarna.

Aðalmarkmið æfinganna eru tvenn.

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast hópslysaáætlunum.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.



3 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur flugslysaæfinga hefst ca. 5-6 mánuðum fyrir æfingu, fundað er með heimamönnum um þarfir þeirra og svo þarf að finna dagsetningu sem getur stundum verið snúið. Það er svo ca. mánuði fyrir æfinguna að hlutirnir gerast hratt, sett er upp Teams síða með fulltrúum allra eininga, áætlun flugvallarins er endurskoðuð og dagskráin kláruð.

3.1 Dagskrá Húsavík 2023

Hér má sjá yfirlit yfir fræðslu í tengslum við flugslysaæfinguna ásamt dagskrá æfingadagana, fimmtudag til laugardags.

Fræðslan er hugsuð sem stuðningur fyrir komandi æfingu og er hún ýmist aðgengileg ákveðnum einingum eða öllum þátttakendum. Fræðslan er einingum að kostnaðarlausu.

Þriðjudagur 26. sept.

Fjarfræðsla

19:00-19:45 Bráðaflokkun - Fjarfræðsla - fyrir alla viðbragðsaðila LSH

Fræðsla fyrir alla sem koma að bráðaflokkun og umönnun slasaðra.

19:45-20:15 Sálrænn stuðningur - Fjarfræðsla fyrir allar viðbragðseiningar. Rauði kross Íslands

Kynning og helstu áherslur í sálrænum stuðning.

20:15-20:45 Umgengni við þyrlur – Fjarfræðsla fyrir allar viðbragðseiningar. LHG

Fimmtudagur 28. sept.

10:00 Boðunarprófun – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á flugvöllinum. 112

19:30-22:00 Setning æfingar

Staðsetning: Borgarhólsskóli og Teams.

Dagskrá:

- Setning æfingar Lögreglan
- Kynning, tilgangur flugslysaæfinga Isavia
- Flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og endurbætur Almannavarnir
 - Fjarskiptaskipulag aðgerða
- Almennt um skipulag í hópslysum (SÁBF) Isavia
 - Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
 - SST, AST, VST
- Verkefni RKÍ og SL á flugslysaæfingum Ráðgjafar RKÍ og SL
 - Hvernig nýtum við bjargir
- Flæði slasaðra, frá slystað að sjúkrahúsi Landspítali
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna RNSA
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna Isavia
 - Gangur æfingar
 - Akstur á svæði
 - Vettvangur

- Leikarar
- Alvara – Alvara – Alvara
- Við lok æfingar

Föstudagur 29.sept.

13:00-14:00	RNSA, fræðsla á lögreglustöðinni	RNSA
15:30-18:30	Skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra	Isavia / AVD
Staðsetning: Slökkvistöð.		
18:30 –19:30	Fjarskipti - Fjarfræðsla - fyrir alla viðbragðsaðila	Neyðarlínan
Staðsetning: Borgarhólsskóli		
Almennt um fjarskipti, fjarskiptaáætlun og fjarskiptabúnað (tækin)		
20:00-21:00	Kynningarfundur fyrir leikara / þolendur	Umsjónaraðili leikara
Staðsetning: Borgarhólsskóli		

Laugardagur 30.sept.

08:00	Förðun leikara	Umsjónaraðili leikara
-------	----------------	-----------------------

Staðsetning: Borgarhólsskóli

11:00 Flugslysæfing hefst – Allir þátttakendur

Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkþáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund. Í lok æfingar er boðið uppá hressingu fyrir alla þátttakendur í Borgarhólsskóla þar sem rýnifundur æfingar fer fram.

15:00 Rýnifundur fyrir þátttakendur æfingar

Staðsetning: Borgarhólsskóla

(Athugið er fyrir eða seinna, er í ca. beinu framhaldi þegar æfingu er lokið, tímasetning gefin út í fjarskiptum).

- | | |
|--------------------------------|-------------------|
| • Almennt um/stóra myndin | Æfingastjóri |
| • Samhæfingarstöð | Ráðgjafi SST |
| • Aðgerðarstjórn | Aðgerðarstjóri |
| • Vettvangsstjórn | Vettvangsstjóri |
| • Leit og björgun | Björgunarstjóri |
| • Söfnunarsvæði slasaðra | Aðhlyningarstjóri |
| • Lokanir/umferð/talning | Gæslustjóri |
| • Móttaka og flutningur | Flutningastjóri |
| • Aðstandendur/fjöldahjálp/SSS | Rauði krossinn |
| • Umsögn ráðgjafa | Ráðgjafar |
| • Umræður | Orðið laust |
| • Næstu skref | Isavia |
| • Æfingu slitið | Lögreglan |

3.2 Æfingastjórn

Æfingastjórn var að þessu sinni aðeins skipuð fulltrúum Isavia.

Æfingastjóri	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Elva Tryggvadóttir	Isavia

3.3 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Áhorfandi	Björn Már Jónsson	112
Áhorfandi	Vilhjálmur Halldórsson	112
Ráðgjafi	Helgi Reynisson	112
Ráðgjafi	Þórný Þórðardóttir	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Ráðgjafi	Rögvaldur Ólafsson	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Áhorfandi	Guðjón Leifsson	Isavia
Ráðgjafi	Vigdís Björk Agnarsdóttir	Isavia – umsjón leikara
Ráðgjafi	Grétar Karlsson	Isavia - umsjón vettvangs
Ráðgjafi	Arinbjörn Tryggvason	Isavia - uppsetning vettvangs
Ráðgjafi	Ólafur Bragi Jónsson	Isavia – uppsetning vettvangs
Ráðgjafi	Björgvin Sólberg Björgvinsson	Isavia – uppsetning vettvangs
Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir	Landspítali
Ráðgjafi	Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir	Landspítali
Ráðgjafi	Álfheiður Svana Kristjánsdóttir	Rauði kross Íslands
Ráðgjafi	Áslaug Ellen Yngvadóttir	Rauði kross Íslands
Ráðgjafi	Guðbrandur Arnarson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Einar Strand	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Smári Sigurðsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Ólafur Jón Jónsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg

3.4 Þátttaka

Hér er um áætlaða þátttöku að ræða út frá upplýsingum frá einingum sem áttu að skrá mætingu sína, á æfingadegi gæti þetta hafa breyst lítillega. Það voru um 120 manns sem tóku þátt í æfingunni.

Aðili	Fjöldi fólks
Samhæfingarstöðin	4
Aðgerðastjórn LSN	9
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	1
Landhelgisgæslan (byrla, skip)	4
Isavia	2
Flugrekstrar og afgreiðsluaðilar	2
Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra	7
Slökkvilið Norðurþings	13
Slökkvilið Þineyjarsveitar	4
Sjúkrabílar Heilbrigðisstofnun Norðurlands	5
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	6
Svæðisstjórn svæði 11	
Svæðisstjórn svæði 12	
Björgunarsveitin Garðar húsavík	4
Björgunarsveitin Hafliði Þórshöfn	
Björgunarsveitin Núpar	
Björgunarsveitin Pólstjarnan	
Björgunarsveitin Stefán Mývatnssveit	1
Björgunarsveitin Súgur Akureyri	8
Björgunarsveitin Þingey	
Björgunarsveitin Ægir	
Hjálparsveit skáta Aðaldal	3
Hjálparsveit skáta Reykjadal	
Rauði krossinn á Íslandi	6
SAK greiningarsveit(neyðarsveit)	3
alls	69
Gestir	7
Leikarar	14
Ráðgjafar	17
alls	38
Alls á vettvangi	107
ALLS (m/ SST og AST)	
Allir	120

3.5 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Atburður hefst í samskiptum flugleiðsöguþjónustu og loftfars þar sem loftfar á leið frá Reykjavík til Húsavíkur tilkynnir um alvarlega bilun þegar vélin nálgast Húsavíkurflugvöll. Flugleiðsöguþjónusta virkjar áætlun á Hættustigi, flugvélin brotlendir svo á norðurenda brautar sem framkallar neyðarstig. Viðbragðsaðilar eru komnir við Hættustigið í MÓT.

3.6 Veður

Fallett veður, hægur vindur, sól en haustið aðeins farið að gefa svo lofthiti var ekki mikill en það hafði engin áhrif á æfinguna.

3.7 Vettvangur

Vettvangur var norðan brautar handan þröskulds og út í hraungjótur. Vettvangurinn var krefjandi en nokkuð þéttur svo yfirsýn björgunarstjóra væri ekki æfingarþáttur. Um var að ræða bæði slökkviverkefni og björgunarverkefni sem kröfðust þess að vettvangur væri tryggður og björgunarbúnaði beitt. Færanlegur eldfugl var notaður bæði til að æfa slökkvistörf í loftfari og björgun.

4 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunkturar í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



4.1 Vettvangsæfing – Rýnifundur

Björgunarstjóri

Kristján Ingi, kaos í byrjun erfitt að ná yfirsýn sem kom þó smátt og smátt. Skipti sköpun að vera með tvo magnaða verkstjóra inná vettvangi til að aðstoða við yfirsýn.

Björgunarstjóri hélt sönsum, aðstoðarmanni hans fannst það flott.

Ráðgjafi björgunarstjóra – gekk mjög illa að finna eitthvað sem fór illa, gekk allt svo vel. Að hafa verkstjórana um vettvanginn, er algjör snilld. Alls staðar var þetta mjög vel unnið.

Fyrsta skipti sem við sjáum slökkviliðsmenn vera að bráðaflokka, gekk mjög vel.

Flutningastjóri

Heilt yfir gekk vel, var með tvo aðstoðarmenn. Ekki ljóst alveg hvaða flugför voru raunverulega að koma á staðinn. Heilt yfir gekk þetta þokkalega.

Ráðgjafi, flutningastjóri var mjög vakandi og lifandi, gerði í því að fara inná vettvang til að sjá hver staðan væri á björgum. Náði árangri með því að tala við björgunarstjóra og fá fólk af vettvangi.

Spurning varðandi fjarskipti einhverjum fannst það skipt of fljótt upp í VST talhópin. Flutningastjórinn var vakandi og horfa á næstu verkefni og stóð sig mjög vel.

Gæslustjóri

Gekk vel í byrjun, sammála því sem sagt var um talhópana, margir ekki með aðstoðarmenn næ nægar stöðvar í slíkt.

Það komu um 4-5 að SSS sem voru ekki bráðaflokkaðir. Síðan vantaði spjöld sem skapaði smá bið.

Ráðgjafi, verkþættir sem falla undir verkþáttastjórnann voru ekki allir virkir, því stór þáttur er verndun og gæsla á staðnum. Umferðaskipulag og talning gekk allt mjög vel, skellega framsett og árréttað til allra. En verndun og lokun verður stærsta áskorun í þessu hlutverki áfram. Framsetningin í dag gekk mjög vel í dag hjá honum og hans aðstoðarfólk.

Aðhlyningarstjóri

Gekk ljómandi vel svona heilt yfir. Voru að stilla strengi á lokametrum í gær má segja. Voru að stilla vel upp og voru heppin og fengu tvo lækna frá Akureyri. Það mætti vera stærra svæði fyrir græna og hafa meira fólk þar, klikkuðu á því.

Þegar talhópum var skipt upp þá fóru þau aðeins að týnast í fjarskiptum en það var auðvelt að ná í flutnings- og vettvangsstjóra. Læknirinn var með yfirsýn á svæðinu og skipuleggja flutning, honum fannst hann skorta yfirsýn í heildina. Fólkíð sem var að manna SSS stóð sig frábærlega.

Ráðgjafi, gekk heilt yfir mjög vel, gott skipulag, gekk vel að setja upp og stilla í stöður, fólk fékk skýr fyrirmæli. Misskilningurinn var með lækni sem aðstoðaraðhlyningarstjóra í fjarskiptum. Þarf að æfa og skoða. Flottur og samheldinn hópur.

Vettvangsstjóri

Æfing og í alvöru væri ekki endilega svona, vettvangsstjóri myndi ekki koma svona fljótt en við fórum beint í hlutverkið. Með alveg frábæran bíl til að sinna vettvangsstjórn frá. Notuðu hann lítið í dag því það var svo gott veður. Hann hefði getað farið nær og séð betur en kannski yrði það ekkert betra. Í bílnum er aðstaða til alls, vorum ekki að logga í aðgerðagrunn heldur komu upplýsingum frá sér á pappír og fjarskiptum. Þeim fannst betra að skipta upp fjarskiptum. VST og AST. Gott hjá Jón Inga að fara yfir umferðareglurnar.

Ráðgjafi, það fallega við svona verkefni er að það eru til margar leiðir til að vinna það, margir í VST reynslumiklir, smá hökkt í byrjun en síðan fór þetta að rúlla vel. Mjög góð stjórn, góð verkaskipting sín á milli og ekki hægt að setja út á sem slíkt, bara faglega unnið og vel gert.

AST

Margt mjög gott, streymið gott, yfirvegað andrúmsloft í AST, skipulagt andrúmsloft. Nokkur atriði sem þau voru hugsuð yfir. Fyrstu boðanir eftir áætlun, bærust mjög brottgengt til aðila. Síðan voru þau með sambandsleysi við turninn. Maðurinn úr turninum er með marga hatta. En þau vildu tryggja loftbrúna og það tók langan tíma. Það var vandamál heldur lengi að aðhlyningarstjóri var lengi fjarskiptalaus við blár 6-5. Hefðu viljað sjá það. Aðhlyningarstjóri hafði falið lækni að vera með hlutverk en þá hefði hann þurft að kalla sig aðhlyningarstjóra í fjarskiptum.

Drónar, það þarf að skrifa í áætlanir hvernig má nýta og ætti ekki að þurfa að sækja um samþykki í neyð. Lögreglan kallar það er kominn dróni svo kom fjórði dróninn með RNSA. Það kom beiðni frá þeim að setja þá á sér talhóp sem gekk vel.

Bráðaflokkunin, þeim fannst hún ganga svoldið hægt. AST fékk engar upplýsingar frá SLY fyrr en mjög seint. Það er rosalega gott að fá gróft mat, 5 á fæti, e.h. látnir og slíkt. Þá er hægt að senda boð eftir

frekari björgum eftir því. Tók því langan tíma að fá smá mynd af þessu. Vissu seint af þeim sem voru látnir. Samkvæmt þeim var bráðaflokkun lokið eftir 1 klst og 20 mínútur.

Kvartað að björgunarsveitir væru ekki að skrá sína hópa í verkefni.

Framhaldið, þegar fólk fer að mæta í SSA að fá fréttir af sínu fólki. Það er AST að koma upplýsingum eins og hægt er til þeirra. Munu huga að því við lagfæringar á áætluninni.

Fjarskiptafræðsla, nauðsynlegt að þeir sem vinna ekki með Tetra alla daga fái fræðslu, hún sé fyrir alla og kalla eftir að henni hafi verið streymt, þeirri fræðslu sem var í gær.

Skemmtileg æfing og allir fundust á endanum og jafnframt alls konar sem hægt er að læra af.

Ráðgjafi, vel mannað, gekk starfið mjög vel, tóku rýni eftir að æfingu lauk. Þau stóðu sig vel og höfðu yfirsýn yfir það sem var í gangi.

SST

SST fannst vanta upplýsingaflæði um bráðaflokkun, fjarskiptaskipulagið sett of stað of seint. Fulltrúi LSH hafði litlar upplýsingar í lengri tíma. Það var mjög rólegt á tímabili í SST.

RNSA

Drónar, Ragnar einmitt hugsu yfir þessu, fékk heimild frá Vettvangsstjóra og turni og var á Blár 6-7 á þeim drónahópi. Þeir tóku hæðarsamtal um drónana. Það sem gerðist svo hjá Ragnari að þegar hann fer á Blár 6-7 þá er björgunarstjóri að reyna að ná honum en þá var hann farinn af talhópnum. Þyrfti mögulega tvær stöðvar.

Annað

Heilt yfir fannst æfingastjórn fjarskipti ganga vel. Ef einhver er ekki að heyra að hnippa þá í næsta mann ef við sjáum að verið er að reyna að ná í stjórnanda sem svarar ekki að nærliggjandi láti þá vita.

Allir hvattir til að taka þátt í rýni.

Páley lögreglustjóri þakkar fyrir, æfingastjórn, ráðgjafar og allt utan um hald um æfinguna. Að taka samtalið og leiðbeininguna með inn í aðgerðina er mjög gagnlegt. Lærum gríðarlega mikið af því.

Bráðaflokkun, ráðgjafi, fer yfir sína upplifun á vettvangi af bráðaflokkun og fer yfir tímalínu. Það var töf að slökkva elda og tryggja vettvang. Kl. 11.49 eru fyrstu tölur gefnar upp. Miðað við að kl. 11.20 var byrjað að slökkva elda. Fullt af fólki inn í einhverju þar sem ekki er hægt að komast að því og því eðlileg töf að tölur komu ekki strax því suma þurfti að klippa út úr lokuðu rými.

Einnig kom fram að þeir sem sinna bráðaflokkuninni sjálfri þurfa ekki að ganga með grænum að grænu svæði, láta aðra um að sækja eða smala þeim saman.

Fundi lokið og aðilum þökkuð þátttakan.

4.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Ráðgjafi Vilhjálmur Halldórsson

Hvaðan kemur ráðgjafi 112

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar Allt til fyrirmyndar. Flott fræðsla.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar Dagskráin breyttist eitthvað sem olli misskilningi hjá sumum.

Hvað gekk vel á æfingunni Bara allt held ég.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni Mikilvægt að komi skýrt fram frá turni hvaða vástig verið er að virkja. Óvissustig-Hættustig-Neyðarastig, öll boðun veltur á því. Aðgerðastjórn reyndi ítrekað að kalla á turninn í upphafi, það er bara 1 maður í turninum og hann var á vettvangi með reykköfunartæki að slökkva elda. Á þessum tímamarki skiptir auðvitað engu máli hvort sjúkraflug geti lent á vellinum eða ekki.

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum? Mjög flott æfing og virkilega gaman að fá að fylgjast með sem gestur og sjá alla pósta.

Ráðgjafi Björn Már Jónsson

Hvaðan kemur ráðgjafi 112

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar Skrifborðsæfing góð hristi fólk vel saman

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar Mættu fáir á fjarskiptabjálfun líklegast einhver ruglingur með tímasetningu. Einnig breyttist skrifborðsæfing með stuttum fyrirvara

Hvað gekk vel á æfingunni Sýndist æfing ganga vel fyrir sig

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni Fjarskipti aðeins ruglingsleg. AST kölluðu of fljótt á turn sem var að slökkva elda og búinn að tilkynna að hann væri ekki í turni.

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum? Var eiginlega ekki ráðgjafi meira að fylgjast með. Kom fram að viðbragðsaðilar fengu ekki allir boð á sama tíma en líklegast er það út af því að fyrst var gefið út hættustig og síðan neyðarstig. Það eru fleiri boðaðir í neyðarstig en hættustig.

Ráðgjafi Þórný Þórðardóttir

Hvaðan kemur ráðgjafi Almannaþingarnir

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar Skrifborðsæfingar í aðdraganda æfingar gengu vel og var góður undirbúningur fyrir æfinguna sjálfa.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar Spurning hvort að það hafi ekki allir átt að fá sömu fræðslu fyrir æfinguna, s.s. þeir sem voru í AST líka, þar sem að nýir einstaklingar koma þarna inn og góð upprifjun fyrir aðra.

Hvað gekk vel á æfingunni Starfið í AST gekk vel, menn voru með yfirsýn yfir sitt, fyrir utan þá sem voru í samskiptum við aðhlyningarstjóra. Aðgerðastjóri hélt 3 stutta stöðufundi. Reynsla einstaklinga í störfum í AST mismunandi, en kom ekki að sök. Það var passað upp á hljóðvist, skjáir og

töflur í notkun sem staðsett er í rýminu. Áætlanir voru ekki virkjaðar en það virtist ekki koma niður á annarri starfsemi. Streymi frá drónum/búkmyndavél lögreglu gekk vel og var streymt inn í AST.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni Aðhlyningarstjóri/aðstoðarmaður hans voru ekki að svara AST þrátt fyrir að kallað var ítrekað í þá. Einnig náðist ekki í flugvallarstjóra þegar verið var að skipuleggja loftbrú, en það vantaði upplýsingar um ástand flugvallar.

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum? Stórt hrós á alla sem tóku þátt.

Ráðgjafi Hermann Karlsson

Hvaðan kemur ráðgjafi Almanna- og barnamálaráðgjafi

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar Sú fræðsla sem í boði var gekk vel.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar Hefðum eflaust getað tryggt lausa enda betur, s.s. að útvega leikara og ýmis smáatriði.

Þá var ekki gefin út handbók, hvorki fyrir þátttakendur né tengiliði, líkt og verið hefur.

Hvað gekk vel á æfingunni Æfingin í heild sinni gekk vel og voru þátttakendur almennt mjög meðvitaðir um sitt hlutverk og lögðu sig fram um að standa sig og gera vel.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni Hnökror voru á tengingu í fjarskiptum frá Aðhlyningarstjóra inn til AST og SST. Var það til þess að upplýsingaflæði þarna á milli gekk ekki sem skildi.

Fljótlega í æfingunni var fjarskiptaskipulagið brotið upp. Það getur alveg hjálpað til en þá þarf að tryggja að allir átti sig á því hvað það þýðir og að upplýsingar geti tapast fari fólk ekki á réttan talhóp.

VST og verkþáttastjórar þurfa að vera meðvitaðir um að þeir þurfa að hlusta á allt að 2-3 talhópa sem er talsverð áskorun og reyndist sumum erfitt.

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum? Ég tel að nauðsynlegt sé að ná þéttari böndum um æfingarnar í heild sinni. Á ég þar við að ISAVIA og AVD setjist niður og nái sameiginlegum skilning um hlutverk og ábyrgð hvors annars. Í kjölfarið sé gert samkomulag við hlutaðeigandi lögreglustjóra / almanna- og barnamálaráðgjafi vegna æfinga sem þessarar. Æfingastjórn skipuð, ábyrgð sem og kostnaðarábyrgð hvers og eins skilgreind.

Ráðgjafi Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir

Hvaðan kemur ráðgjafi Heilbrigðisþjónusta

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar Fræðsla gekk vel, náðum mjög góðum tíma með hópnum frá HSN. Heilt yfir gott skipulag.

Hvað gekk vel á æfingunni Flæðið gekk vel, viðráðalegur fjöldi sjúklinga miðað við þátttöku. Gekk vel að setja upp á SSS og aðhlyningarstjóra hélt góðri yfirsýn. Samskipti við VST og aðra verkþáttarstjóra voru góð. Flugstöðin var heppilegt rými fyrir SSS, gott að gengi og hlýtt.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni Fyrstu sjúklingar komu án bráðaflokkunar.

Samskipti við AST í fjarskiptum á 6-5 gengu ekki vel til að byrja með, stjórnandi læknir sá um þau samskipti og AST áttaði sig ekki á að hann væri staðgengill aðhlyningarstjóra. Þegar búið var að útkljá það gekk vel. Einnig náðist ekki í SST á ákveðnum tíma en við erum búnar að kanna það og það var vegna þess að fulltrúi heilbrigðisgeirans í SST tók fjarskipti úr eyra til að svara síma og gleymdi að setja aftur í eyrað.

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum? Heilt yfir góð æfing

Ráðgjafi Álfheiður Svana Kristjánsdóttir

Hvaðan kemur ráðgjafi Rauði krossinn

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar Gekk vel

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar Þetta er allt orðið vel smurt hjá flugfélaginu Fly no more.

Hvað gekk vel á æfingunni Undirbúningur fyrir æfinguna er góður og þar spilar skrifborðsæfingin stærstan hluta þar sem það tekur mestan hrollinn úr fólki.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni Fjarskipti voru ekki alveg í lagi eins og fram hefur komið var aðhlyningarstjóri ekki á sömu rás og AST sem skapaði vesen en var svo leiðrétt.

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum? Þakkir fyrir að halda æfingar.

Ráðgjafi Grétar Karlsson

Hvaðan kemur ráðgjafi Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar Mikill áhugi og góð mæting.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar Ekkert sérstakt.

Hvað gekk vel á æfingunni Björgunastjórar voru vel staðsettir, höfðu góða yfirsýn og voru með tvo sem voru verkstjórar á vettvangi sem auðveldaði alla björgun og upplýsinga flæði.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni Ef eitthvað er týnt til hefði kannski mátt forgangsraða björgun betur, svolítið langur tími sem ekkert var gert í eldfugli þó að þar inni væru þolendur.

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum? Heilt yfir mjög vel unnin vettvangur hjá björgunarstjórum og erfitt að finna eitthvað sem mætti gera betur.

4.3 Rafræn rýni – allir þátttakendur


4.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

1. Hvaða viðbragðsaðila eða einingu í flugslysaáætlun tilheyrir þú?

[More Details](#)

[Insights](#)

● Neyðarlínan 112	0
● Lögregla	5
● Isavia Flugvallarþjónusta	0
● Isavia Flugturn	0
● Slökkvilið	1
● Sjúkraflutningar	0
● Heilbrigðisþjónusta	1
● Svæðisstjórn björgunarsveita	2
● Björgunarsveit	0
● Rauði krossinn	1
● Landhelgisgæslan	0
● Rannsóknarnefnd samgönguslysa	0
● Flugrekstrar- og / eða þjónustua...	0
● Other	0



4.3.2 Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar?

- Fundir og fræðsla vel sett fram og efnið skýrt. Sérlega góður stuðningur frá ráðgjöfum. Mikil þekking og góð framsetning frá öllum.
- Skrifborðsæfingarnar voru mjög gagnlegar og góður undirbúningur.
- Tók ekki þátt í fundum fyrir æfinguna, en skrifborðsæfingin var mjög góð og nýttist vel. Leiðbeinendur komu sínu frá sér með sóma og hjálpaði það vel til.
- Skrifborðsæfingin, algjör snilld
- Fyrirlestur um bráðaflokkun og fyrirlestur Rögvaldar um SÁBF kerfið bar af. Missti af fjarskiptafræðslunni, hún hefði mátt vera á Teams.
- Mjög góð fræðsla og kom sér vel að hafa hana í Teams formi. Að sama skapi gott að menn hittist í eigin persónu líka
- Náði ekki að mæta á fræðsluna en var frábært að geta tekið hana á Youtube síðar.
- Vel skipulagðar og uppsettar æfingar. Hnitmiðuð og góð fræðsla.

4.3.3 Hvað hefði betur mátt fara í undirbúningi æfingarinnar?

- Fyrir þá sem aldrei voru búnir að taka þátt í svona æfingu hefði mátt vera aðeins meiri one-on-one fræðsla mögulega.
- Það hefði verið frábært ef fleiri heilbrigðisstarfsmenn hefðu getað verið með í undirbúningnum. Margir voru að koma á æfinguna sjálfa án mikils undirbúnings.
- Hefði mátt æfa skiptingu talhópa á skrifborðsæfingu eins og var gert á raunæfingu.
- Þeir sem eru óvanir TETRA hefðu nú mátt mæta á fræðsluna um tækin hjá Neyðarlínu.

- Hefði mátt hafa fleiri hópa í undirbúningsfræðslu.
- Hefði kannski mátt vera æfingastjórn sem tryggði gott samband í héraði við björgunarsveitir. Það var ekki vel mætt hjá þeim, sem var synd.
- Hnitmiðaðri fundir, erindi sem voru meira til að kynna starfsemi óparfi þegar margir dagar eru undir fyrir eina æfingu.
- Auglýsa æfinguna betur meðal eininga landsbjargar á sv. 11 og 12 og undirbúa einingar í héraði sérstaklega
- Betri upplýsingamiðlun á aðila tengdum æfingunni varðandi staðsetningu og tíma, þ.e. lengri fyrirvara. Einnig hvetja og eða setja skyldumætingu.

4.3.4 Hvað gekk vel á æfingunni?

- Mjög margt gekk vel. Uppsetning á svæðinu gekk frábærlega og Rauðakrossfólk og heilbrigðisstarfsmenn fljót að koma öllum búnaði fyrir og koma sér fyrir á stöðvum. Flest var tilbúið þegar sjúklingar byrjuðu að koma í hús. Smá töf á að hengja upp vökva en leystist fljótt.

Mannskapur:

Það gekk ágætlega að manna pósta á SSS. Afbragðsgóður stuðningur frá Rauðakrossfólki sem var á græna svæðinu, í áverkamati og alltaf með fólk tilbúið um leið til að styðja við sálgæslu og annað, hélt sig annars til hlés svo það var auðvelt að kalla í þau en þau voru ekki fyrir á gólfinu þegar voru ekki að vinna, en fóru ekki í burtu. Fljót að koma með teppi og allan búnað, setja upp o.s.frv.

Það var um tíma ekki nóg af læknum á staðnum (kom tímabundið álag) en leystist fljótlega og þá voru 4 lækna sem gátu sinnt rauða og gula svæðinu og verið til taks á því græna. Það voru nægilega margir hjúkrunarfræðingar á svæðunum öllum og gátu sinnt því sem kom inn. Gott samstarf meðal allra. Skyndihjálparþjálfað rauðakrossfólk og sjúkraflutningamenn voru með um tíma og mönnum t.d. áverkamatsborð.

Lögreglufólk og gæslustjóri voru alltaf til taks með upplýsingar munnlega án þess að nota talhópa sem var gott því þá tepptust ekki rásir um mál sem voru nálæg öllum.

Flæði á svæðinu:

Áverkamat gekk fljótt og vel fyrir sig og oftast innan 1-2 mín að flytja fólk áfram, eins og búíð var að stefna að. Þá var alltaf tilbúið pláss á svæðum til að taka við sjúklingum.

Samskipti:

Fljótlega var skipt yfir í VST 6 fyrir verkefnastjóra og það var auðvelt að eiga samskipti við þar, allar upplýsingar um þá sem voru á vettvangi og á leið inn á SSS komu þar beint þannig að SSS fólk var tilbúið. Flutningsstjóri var einnig í návígi við SSS og auðveld munnleg samskipti við hann þar. Þegar kallað var eftir aðstoð til vettvangsstjóra, t.d. eftir blóði, nálum og fleiru, var svarað fljótt og búnaður kom fljótt. Almenn gott flæði af upplýsingum og samstarf á SSS svæði og út á flutningssvæðið, fólk tilbúið að hjálpa og oftast nægar hendur í flutning.

- Flest allt. Allt var vel merkt og vel skipulagt sem gerði æfinguna mjög skiljanlega og varð til þess að hún gekk vel.
- Í heildina gekk okkar þáttur ljómandi vel og slípaðist fljótt til. Við náðum fljótlega ágætri yfirsýn yfir það sem var í gangi.
- Heilt yfir gekk þetta ágætlega.
- Samvinna og samskipti í AST
- Margt gekk mjög vel. Skrifborðsæfingarnar algjörlega nauðsynlegar og nýttust vel. Störf in í AST gengu vel og þar gengu allir í sín hlutverk.
- Hjá okkur gekk allt upp og við ánægð með okkar hlut
- Aðgerðastjórn gekk almennt vel, æfingin gekk tiltölulega fumlaustr og flutningur sjúklinga gekk greiðlega, ólíkt æfingu á Akureyrar flugvelli í fyrra notuðu aðhlyningarstjóri og hans

fólk það heilbrigðisstarfsfólk sem kom úr röðum SL sem var mjög flott, ró yfir í aðgerðastjórn og vinnufriður.

- Bara nokkurn veginn allt
- Margt gekk vel. Frábær aðkoma margra aðila, einnig af höfuðborgarsvæðinu sem var mjög jákvætt. Góð samskipti milli þeirra aðila sem voru og gott viðmót.

4.3.5 Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

- Mismunandi tímasetning var á því hvenær útkallsmerki kom til fólks. Munaði kannski 5-10 mín.

Aðhlyningarstjóri ekki af því að verið væri að reyna að ná sambandi við hana af hálfu AST og það virtist ekki gert í gegnum VST 6, sem var talrásin sem hún notaði eins og beðið var um. Hún fékk ekki upplýsingar um að verið væri að bíða eftir upplýsingum frá henni fyrr en seint og um síðir í gegnum sjúkraflutningamann. AST virtist ekki hafa tiltækar leiðir til að hafa samband við aðhlyningarstjóra þó augljóst væri að hún væri ekki að fá merki um að það næðist ekki í hana. Hlýtur að teljast sérstakt að sjálf aðgerðastjórnin geti ekki fundið starfsmann t.d. lögreglu, flutningastjóra eða annarra til benda aðhlyningarstjóra á það að AST telji hana liggja slasaða úti í móum og sambandslausu við umheim í langan tíma. Aðstoðarmaður aðhlyningarstjóra var með talhóp Blár 6.0 og varð heldur ekki vör við að þar væri haft samband af hálfu AST og læknir á SSS í nánu sambandi við aðhlyningarstjóra var með stöð stillta á talhóp 6.5 til að eiga samskipti við AST og SST. Þau samskipti virtust eitthvað vera óljós - þ.e. hann varð ekki var við ósk um að verið væri að reyna að eiga samskipti við aðhlyningarstjóra í gegnum þessa rás af hálfu AST og átti eitthvað í erfiðleikum með að fá upplýsingar um hvaða flugbjargir væru á leiðinni/staðnum.

Þessir samskiptaerfiðleikar virtust ekki koma til vegna þess að það væri of mikið af samskiptum á rásunum, heldur vegna misskilnings um notkun talhópa eða reynsluleysis. Hefði átt að vera hægt að leysa á staðnum, hefði aðhlyningarstjóri vitað af því að verið væri að reyna að ná í hana.

Mismunandi skilaboð bárust um það hvort þyrlustarismenn kæmu inn á SSS og næðu þar sjálfir í sjúklinga eða hvort þyrfti að hafa sjúkrabíla og starfsmenn í bið til þess að flytja fólk í þyrluna. Þetta tafði aðeins flutning á 3 sjúklingum sem annars biðu eftir þessum sjúkrabílum. Ekki í kítísku ástandi en gott hefði verið að flytja af svæðinu fyrr.

Það vantaði vökvasett í búnað á SSS, þyrfti næst að vera í töskum með vökvapokum, amk 10-20 vökvasett.

Það var lítil tússtafla á staðnum sem við komum ekki í notkun, aftur og enn reynsluleysi, en væri sniðugt að hafa stærri tússtöflu á staðnum til að geta merkt inn á.

- Þetta klassíska... fjarskiptin voru aðeins "kaótísk" í byrjun, en um leið og þeim var skipt upp, varð þetta mun skárri. Svo voru nokkrir smá hnökrar hér og þar sem varla er hægt að setja puttann á og leystust fljótt.
- Það má alltaf ganga betur í fjarskiptum þegar svona stór hópur kemur saman.
- Fjarskiptaskipulag hefði mátt fara betur.
- Sambandsleysi var á milli AST og aðhlyningarstjóra en í SSS höfðu menn sett lækni í fjarskipti o.fl. sem væri ekki í raunveruleikanum. Þetta hafði áhrif á upplýsingar inn í AST hvaða bjargir þyrftu í samræmi við hversu slasað fólk væri.
- Fámenn mæting frá björgunarsveitum hefði getað verið betri, engin hópaskráning fór fram í aðgerðagrundi nema það sem skráð var í AST upp úr fjarskiptum sem gerði starf bjarga í AST að meiri áskorun, fjarskipti fóru aðeins á villigötur en að lokum komst það í lag. Kannski hefði mátt ýta undir fjarskiptaþjálfun hjá starfsfólki HSN, vantaði merkingar á töflu í AST á Akureyri (yfirlit yfir tækjabúnað á sv. 12)
- Betri mæting
- Örlítið betra utan um hald og upplýsingamiðlun t.d. vantaði leikari en viðstaddir vissu það ekki fyrr en kvöldið fyrir æfingu.

4.3.6 Annað sem þú villt koma á framfæri?

- Þetta var frábært verkefni sem ég tel að allir hafi lært mikið af og í öllum tilvikum var fólk í kringum mig tilbúið að hjálpa og leiðbeina. Fólk tók æfinguna alvarlega og hún kenndi manni að hugsa bæði í verkferlum og eftir stöðluðum leiðum, orðavali, matsaðferðum o.s.frv, en einnig að hugsa út fyrir boxið og vera lausnamiðaður og rólegur, kurteis og skýr.
- Takk fyrir frábæra og gagnlega æfingu. Sú best heppnaða sem ég hef tekið þátt í.
- Vantar að taka svona æfingar alla leið. Reyndi í raun ekkert á SSA eða fjöldahjálparstöð vegna mætingar. Skil vel að það er erfitt þegar vantar sjálfböðaliða á æfingar. Kannski þarf RKÍ að skoða þessi mál betur hjá sér.
- Þetta eru yfirleitt bestu æfingar sem hægt er að taka þátt í.

4.3.6.1 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn æfingar af 10 mögulegum, alls 8.5.



Fleiri myndir frá æfingunni má finna á Facebook síðunni „Flugslysæfingar“.

5 Helstu lærdómsatriði og umbótataækifæri

Heildarmynd æfingar og samræming gekk vel, ávallt er hægt að vinna betur að einstökum atriðum og er ekki síður mikilvægt að styrkja það sem vel er gert heldur en að bæta úr því sem betur má fara.

5.1 Styrkur

- Björgunarstjóri með tvo aðstoðarmenn, hálfgerða undirverkstjóra sem fóru um vettvang og annar var m.a. með hlutverk að skoða öryggismál.
- Flutningastjóri virkur í að kanna stöðu bjarga og færa á til á milli starfsstöðva eftir þörfum.
- Flott að fá streymi frá drónum og búkmyndavélum í AST.
- Góð samvinna og yfirsýn í AST.
- Skrifborðsæfing góð og mikilvæg fyrir stóru æfinguna.
- Góður stuðningur frá ráðgjöfum æfingar, mikil þekking og góð framsetning.
- Aðilar frá RKÍ á SSS stóð sig afar vel, fóru í ýmis verkefni.
- Gott upplýsingaflæði á milli verkþáttastjóra.
- Frábær og gagnleg æfing, yfirleitt bestu æfingar sem hægt er að taka þátt í.

5.2 Helstu umbótataækifæri

Umbótataækifæri	Eigandi
Fljótt skipt upp talhópaskipulagi á vettvangi, óþarfi að mati margra því það kallaði á mun fleiri stöðvar sem ekki voru til staðar. Spurning að skipta fjarskiptum upp á annan máta. Taka AST og SST út frekar til að byrja með.	Aðgerðastjórn
AST gefi aðila í turni tíma á meðan hann er í vettvangi, svörun er eftir að hann er komin í turn að nýju.	Aðgerðastjórn
Stækkun á græna svæðinu og fleira starfsfólk	Aðhlyningarstjóri
Aðhlyningarstjóri svari fjarskiptum betur.	Aðhlyningarstjóri
Björgunarsveitir skrái sig í aðgerðagrunninn	Björgunarsveitir
Magic chart til að setja á vegg og skrá upplýsingar á SSS	Isavia
Isavia og AVD fari yfir hlutverk og ábyrgð hvors annars, sem er fylgt eftir með samkomulagi við hluteigandi lögreglustjóra / almannavarnanefnd.	Isavia / AVD
Drónar, ferli um notkun þeirra í aðgerðum.	Isavia, lögregla, AVD
Fulltrúi heilbrigðishluta í SST sé með hlustun á fjarskipti	LSH
RNSA sé með 2 talstöðvar vegna dróna	RNSA
Fjarskiptaaðilar verkþáttastjóra noti þeirra kallmerki, t.d. aðhlyningarstjóri í stað læknir.	Verkþáttastjórar
Fjarskiptafræðsla sé einnig rafræn	Æfingastjórn
Aðeins um lausa enda í skipulagi.	Æfingastjórn
Prófa uppskiptingu talhópa á skrifborðsæfingunni	Æfingastjórn